

2. trúnaðarráðsfundur 26. maí 2015.

Þriðjudaginn 26. maí 2015 kom stjórn og trúnaðarráð saman til fundar í sal Einingar-löju á 2. hæð Alþýðuhússins.

Eiður Stefánsson formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Trúnaðarráð samþykkti Guðmund L. Helgason sem formann kjörstjórnar.
2. Kjaramál. Formaður fór yfir stöðuna í kjarasamningaviðræðum og drög að hækkunum taxa og öðrum hækkunum. Er gert ráð fyrir að nýr samningur gildi til ársloka 2018. Nokkrar umræður urðu um þessi drög að nýjum samningi og ekki ánægja með alla liði í honum. Fundurinn hvatti formanninn til að móst við í lengstu lög og ná sem bestum árangri en félagið er ekki stórt og erfitt að standa einn gegn stóru félögunum. Mikil óánægja er með liðinn “byrjunarlaun” þar sem á að breyta aldurstengingu. Fundurinn gaf formanni heimild til að skrifa undir samning ef ekki annað er í boði.
3. Önnur mál.
Rætt um bergmál og hávaða í húsinu í Skógarseli. Samþykkt að skoða málið.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Sign: Katrín G. Pálsdóttir, Gísli Sveinn Grétarsson, Laufey Dóra Guðbjargard. Erla Bjarnadóttir, Jón Lárusson, Hallveig Stefánsdóttir, Helga Eymundsdóttir, Agnes Reykdal, Anna Kr. Árnadóttir, Helgi Sv. Jóhannsson, Eydís Bjarnadóttir, Sigurlaug Hinriksdóttir, Anna María Elíasdóttir, Guðmundur Lárus Helgason, Einar Hjartarson, Laufey Ingadóttir, Eiður Stefánsson, Margrét Brynjólfsdóttir, Anna Hafdís Jóhannesdóttir, Guðlaug María Óskarsdóttir, Halldór Óli Kjartansson. Kristín Þorgilsdóttir ritaði fundargerð.